

# FUNDARGERÐ

## BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**615. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 5. október 2009  
kl. 10:00 í fundarsal Ráðhúss.**

### Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss.
2. Viðræður við fulltrúa Flugleiðahótela ehf.
3. Ársskýrsla Byggðasafns Húnvetninga og Strandamanna 2008.
4. Fundargerð 767. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

### Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til fundar með byggðarráði. Farið yfir stöðu ýmissa verklegra framkvæmda m.a. gatnagerð á Hvammstangabraut, Norðurbraut og Ásbraut, framkvæmdir á gámavelli, framkvæmdir tengdar vatnsveitu, fráveitu, hitaveitu og uppsetningu ljósastaura í dreifbýli Einnig umræða um fyrirhugaða breytingu á auglýsingu um umferð í þéttbýli í Húnaþingi vestra.
2. Fulltrúar Flugleiðahótela ehf. boðuðu forföll og því er fundi þeirra með byggðarráði frestað.
3. Fram lögð til kynningar Ársskýrsla Byggðasafns Húnvetninga og Strandamanna fyrir árið 2008. Byggðarráð ítrekar ósk um fund með eigendum safnsins.
4. Til kynningar lögð fram fundargerð 767. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Elín R. Líndal skýrði einstaka liði fundargerðarinnar.

Samþykkt að taka á dagskrá:

5. Byggðarráð samþykkir að afla upplýsinga frá Símanum um hvort ekki sé unnt flýta uppsetningu móttökubúnaðar v/ háhraðanets á heimilum í Húnaþingi vestra sem nýtt geta samband við búnað sem settur hefur verið upp á Ennishálsi.
6. Rætt um stöðu atvinnumála. Byggðarráð samþykkir að halda fund með forsvarsmönnum fyrirtækja og stofnana um stöðu atvinnumála í héraði í byrjun nóvember nk.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 11:45

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),  
Heimir Ágústsson(sign.),

Skúli Þórðarson(sign.),  
Elín R. Líndal(sign.).

Áheyrnarfulltrúi:

Elín Jóna Rósinberg(sign.).